

Innra mats skýrsla

Öxarfjarðarskóli
Norðurþing

7. júní, 2024
Hrund Ásgeirsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Starfsáætlun um innra mat.....	3
Niðurstöður mats.....	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	6
Innra mat	9
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófill	10
Umbótaáætlun skólaársins 2024 - 2025	12

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2023 - 2024 og unnið var skv umbótaáætlun sem gerð var vorið 2023. Innra matsteymi skólans skipa: Christoph Wöll umsjónarkennari og staðgengill skólastjóra, Lára Björk Sigurðardóttir umsjónarkennari á miðstigi, Arna Ósk Arnbjörnsdóttir deildarstjóri Lundarkots og undirrituð. Hins vegar var ákveðið að deildarstjóri og skólastjóri myndu vinna saman að innra mats áætlun fyrir leikskólann sérstaklega og því hætti Arna Ósk í innra matsteymi grunnskóladeildar.

Áætlað er að gera sérstaka skýrslu fyrir leikskóladeildina á næsta ári þegar uppsetning á Bravo lesson hefur farið fram og langtímaáætlun unnin fyrir innra mat leikskólans.

Markmið skólans er að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf gæðaviðmiða sveitarfélagsins og er þeim gögnum sem fylgja þessari skýrslu ætla að gefa mynd af því hvernig staðan er í Öxarfjarðarskóla.

Hrund Ásgeirsdóttir

Starfsáætlun um innra mat

Áætlun ársins var að vinna samkvæmt umbótaáætlun frá fyrra ári fyrir 2023-2024 og má sjá [hér](#) en einnig að meta nokkra þætti úr langtímaáætlun er varða **stjórnun og faglega forystu** (faglegt samstarf og samræða og vinnulag, verklagsreglur og áætlanir). Þá átti skv langtímaáætlun einnig að leggja mat á alla þætti **náms og kennslu** og varð það gert.

Innra matsteymið kom reglulega saman til að vinna að umbótaáætluninni en það helsta sem náðist var að útfylla gæðalistana í samstarfi við kennara skólans ásamt því að setja saman spurningalista fyrir nemendur og foreldra.

[Hér](#) er virk langtímaáætlun innra mats sem þarfnast endurskoðunar í haust og nýrrar áætlunar. Ekki var búið að meta alla þætti sem voru t.a.m á dagskrá fyrir skólaárið 2021-2022 en þeir voru metnir nú í vor þannig að vel flestir þættir eiga nú að vera metnir skv þessari langtímaáætlun.

Niðurstaða

[Starfsáætlun](#) fyrir 2023-2024 gekk að flestu leyti eftir en það sem út af stendur, fer í umbótaáætlun næsta árs. Einnig er ætlunin að festa innra matið betur með því að kaupa aðgang að Bravo Lesson en það er kerfi sem heldur utan um alla þætti innra mats og auðveldar skýrslugerð til framtíðar.

Niðurstöður mats

Innra mats teymi skólans vann saman að heildstæðu mati á þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar skv skólastefnu Norðurlþings. Einnig var unnið samkvæmt langtímaáætlun innra mats skólans og þeir þættir sem ekki voru metnir fyrir tveimur árum, voru teknir með að þessu sinni. Hér má sjá langtímaáætlunina sem er runnin út og þarf að endurnýja í haust.

Þeir þættir sem metnir voru:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Náms og kennsla
3. Innra mat.

Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin. Matsviðmiðin eru fjögur og eru litakóðuð eftir mats niðurstöðu:

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta

Viðmið Norðurlþings - [Stjórnun og fagleg forysta](#)

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um stjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. [Hér má sjá niðurstöður á matslista Öxarfjarðarskóla](#)

Niðurstöður

Foreldrar eru heilt yfir ánægðir með skólastarfið, finnst þeir upplýstir um starfið og telja að börnum þeirra líði almennt vel og séu örugg í skólanum. Í ár var ákveðið að fara aftur í þrískiptingu deildanna eftir að hafa prófað að skipta deildunum í tvennt; yngri (1-4.b) og eldri deild (5-9.b) þar sem talsverðrar óánægju gætti með það fyrirkomulag hjá foreldrum og nemendum í fyrra. Meiri sátt ríkir um núverandi skipulag. Um

75% foreldra mið og unglíngastígs eru ánægðir með teymiskennsluna og rúmlega 80% telja að nemendur fái betri þjónustu með teymisvinnu tveggja eða fleiri kennara. Í opnum spurningum eru foreldrar ánægðir með persónulega þjónustu við nemendur í litlum skóla, að metnaður ríki í kennslunni, gagnkvæm virðing og góður andi.

Það sem betur mætti fara að mati foreldra eru útisvæði þ.e. skólalóðin og skólasund er einnig nefnt.

[Hlekkur](#) á foreldrakönnun í mið- og unglíngadeild

[Hlekkur](#) á foreldrakönnun í yngri deild

Ekki er gerð sérstök innra mats skýrsla fyrir leikskóladeildina að þessu sinni en úr því verður bætt á næsta ári enda stendur til að gera langtímaáætlun um innra mat líkt og í grunnskólanum. Haldinn var foreldrafundur fyrir leikskólann og foreldrar fengu þar ítarlega kynningu á starfsemi leikskólans í öllum deildunum þremur. Mikil ánægja er með leikskólastarfið og hægt að skoða hér að neðan.

[Hlekkur](#) á foreldrakönnun leikskólabarna

Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl eru haldin árlega, oftast á vorönn og í mars að þessu sinni. Heilt yfir er starfsfólk ánægt í vinnunni og því líður vel. Kennarar eru mjög ánægðir með teymiskennsluna og finnst starfið faglegra og markvissara.

Flestir nefna hljóðvist sem þarf að bæta úr sem og skólalóðin - bæði fyrir leik- og grunnskólanemendur. Mikil ánægja er með þær úrbætur sem gerðar voru í starfsmannarými, forstofu og smávægileg verkefni sem bættu aðstöðuna.

Samstarf við aðrar stofnanir

Samstarf við Grunnskóla Raufarhafnar hófst sl haust með vikulegum ferðum þeirra í Lund. Ákveðið var að breyta hefðbundna fyrirkomulaginu frá því sem verið hafði, þ.e. einn dagur á viku í list- og verkgreinar auk hópíþrótt, sunds og tónlistar. Þess í stað komu nemendur á fimmtudögum eftir hádegið í íþróttir og einn íslenskutíma en fóru svo beint í félagsmiðstöðina á Kópaskeri. Samstarfinu í þessari mynd var síðan fljótlega hætt eða í byrjun október 2023 og var skólastjórnendum beggja skóla falið að útfæra samstarfið með breyttu sniði. Það var gert þannig að fyrsta skiptið varð í 15. desember á Teams þar sem nemendur beggja skóla kynntu hvert fyrir öðru verkefni síðustu vikna. Síðan hittust nemendur og starfsfólk næst á Raufarhöfn 21. febrúar og að síðustu var hist í Lundi 30. apríl. Þetta gekk ágætlega upp og eftir á að ákveða hvort og þá með hvaða sniði áframhaldandi samstarf verður.

Samstarf við Tónlistarskóla Húsavíkur gekk mjög vel. Skólastjóri TH kom nokkrum sinnum í vetur og tók vinnudaginn sinn í Lundi. Starfsfólk TH kom 1-2x í viku til að kenna tónlist og tónmennt.

Mat á starfsáætlun

Starfsáætlunin gekk að mestu leyti eftir að því undanskildu að samstarfi við Grunnskóla Raufarhafnar um sameiginleg skólaferðalög gekk ekki eftir. Funda- og starfsáætlun skólaráðs stóðst að flestu leyti og farið var yfir þá punkta sem áætlunin kvað á um. Oftast hentaði skólaráðsfólki betur að vera í samskiptum í gegnum tölvupóst en fundur var haldinn í vor þar sem farið var yfir helstu atriði er varða skólastarfið og var á dagskrá skv starfsáætlun.

Þróunarstarf og endurmenntun starfsfólks var fólgin í áframhaldandi vinnu við teymiskennslu í samstarfi við MSHA en tveir umsjónarkennarar á sitt hvoru stiginu tóku að sér leiðtogahlutverk, stýrðu fundum og fóru yfir alls konar verkefni með sínum teyðum.

Kennarar og skólástjóri hófu samlestur á bók Nönnu Christiansen um Leiðsagnarnám / leiðsagnarmat og innleiðing Mentor hélt áfram. Minna fór fyrir reglubundnum fundum varðandi Jákvæðan aga og er það eitthvað sem þarf að taka fastari tökum. Tölvubúnaður þarfnast endurnýjunar og fleiri tölvur bráðvantar bæði fyrir nemendur og kennara.

Helstu umbætur næsta árs:

- Ljúka endurskoðunum á langtímaáætlun um innra mat
- Endurskoða almennan hluta skólanámskrár

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Nám og kennsla

Viðmið Norðurljósa - [Nám og kennsla](#)

Markmið skólans er að gæðastarf fari fram samkvæmt starfsáætlun skólans. [Hér má sjá niðurstöður matslista fyrir nám og kennslu í Öxarfjarðarskóla.](#)

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Yfir 90% nemenda upplifa sig örugga í skólanum, líður vel og eru ánægðir með skólann. Þeir upplifa að komið sé fram af virðingu og telja námið gagnlegt. Þá eru nemendur almennt sáttari við núverandi deildaskipulag eða 95%. Það sem nemendum finnst að betur mætti fara er útisvæði

skólans; sparkvöllur, lagfæring á körfuboltavelli og endurnýjun á tölvum.

Ákveðið var að leggja yngri deildar könnunina einungis fyrir 3. og 4. bekk en hafa annars konar könnun fyrir þau sem yngri eru.

[Niðurstöður nemendakönnunar í mið-og unglingadeild](#)

[Niðurstöður nemendakönnunar í yngri deild \(3.-4.b\)](#)

Engin samræmd próf á vegum hins opinbera eru í boði en MMS stendur fyrir Lesfimiþrófi á landsvísu. Skólinn hefur staðið sig vel og gerir enn þegar kemur að Lesfimi og er um og yfir landsmeðaltali þar. Mikil áhersla er lögð á lestur og læsi í öllum deildum og í vetur var markviss orðaforðavinna sem skilar sér í bættum skilningi. Þá hafa eldri nemendur í auknum mæli tekið meiri ábyrgð á eigin námi með tilkomu “heimavinnu skjals” sem er lifandi en þar geta nemendur og foreldrar fylgst með frá viku til viku hver verkefni og skilin eru. Fram kemur í foreldrakönnun að foreldrar séu meira meðvitaðir um hvað börn þeirra séu að fást við.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Öxarfjarðarskóli, maí 2024



Niðurstaða

Í umbótaáætlun ársins var lagt upp með að flétta skólanámskrá sem tekur mið af áherslum aðalnámskrár í daglegt starf og áætlanir skólans. Það tókst að mestu. Kennsluáætlanir voru settar á heimasíðu til að auðvelda foreldrum aðgengi á meðan innleiðing Mentor á sér stað. Með tilkomu Mentor varð skipulögð skráning námsmats aðgengileg og í fyrsta skipti fengu nemendur öðruvísi vitnisburðarblöð að vori en undanfarin

ár. Þó vantar ennþá upp á skráningu áætlana hjá öllum kennurum í Mentor og skráningu á tengingu við grunnþætti menntunar. Varðandi starfsþróun, var ákveðið að halda áfram með innleiðingu teymisvinnu og teymiskennslu til að auka gæði náms og kennslu í samstarfi við MSHA en nýliðið skólaár er annað árið af þremur sem lagt var upp með. Áhersla er lögð á samþætt þemaverkefni og á skólaárinu voru nokkur þemu í gangi sem enda öll á einhvers konar kynningum eða sýningum fyrir foreldra og skólasamfélagið. Sem dæmi má nefna útikennslu, tækni, efnafræðitilraunir, mannkynssögu, Árshátíð skólans og Vorgleði þar sem eitt af þeim er valið til að kynna fyrir gestum.

Ekkert varð af skipulögðu félagamati í kennslu eins og umbótaáætlunin gerði ráð fyrir né heldur skipulagðar rýniheimsóknir skólastjóra þrátt fyrir að skólastjóri hafi fylgst með kennslu og veitt óformlega endurgjöf. Í kennarahópnum var hafist handa við lestur bókar um *Leiðsagnarnám* og skipulagðir umræðufundir haldnir en festa þarf reglubundin samtöl kennara og nemenda um framvindu námsins þó þau eigi sér stað óformlega í kennslustundum. [Hér](#) má sjá stöðu skólans skv mati kennara og innra matsteymis.

Helstu styrkleikar eru stöðugleiki í kennarahópnum á öllum stigum sem vinna í teyrum af fagmennsku og metnaði og aukin námsvitund nemenda sem í auknum mæli bera meiri ábyrgð á námi sínu á mið- og unglíngastigi. Þá var sett upp heimilisfræðiaðstaða í fjölnota stofu á neðri hæð og gömul tæki og innréttingar nýtt til þess svo hægt væri að koma til móts við kennslu í heimilisfræði. Í þessari sömu stofu er myndmennt einnig kennd sem og bókleg fög.

Áskoranir

Helstu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir eru þær að ná að uppfylla það val sem nemendur eiga rétt á skv aðalnámskrá sem eru tæpar 5 klist á viku á unglíngastigi. Reynt er að nýta mannauðinn á staðnum til að bjóða upp á val en það mætti vissulega vera fjölbreyttara. Þá sjáum við fram á kennaraskort sem getur valdið því að erfitt reynist að manna samkvæmt teymisvinnuhugmyndinni sem er slæmt þegar verið er að innleiða breytta kennsluhætti. Tölvukostur skólans þarfnast endurnýjunar en lítið fjármagn er sett í tölvu- og tækjakaup sem og önnur námsgögn þannig að það er áskoranir að veita öllum nemendum aðgang að góðum tölum til náms sem í dag er jafn nauðsynlegt og stílabækur voru áður.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Umbætur næsta árs

- Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu
- Vinna áfram með kennsluáætlanir í Mentor
- Vinna markvisst úr niðurstöðum kannana og innra mats

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Innra mat

Viðmið Norðurping - [Innra mat](#)

Markmið skólans eru að fylgja innra mats áætluninni eftir og nú þarf að gera nýja langtímaáætlun

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala. [Hér má sjá niðurstöður matslista fyrir innra mat Öxarfjarðarskóla](#)

Niðurstaða

Innra mat var framkvæmt skv skipulagi og náðist að gera flest það sem lagt var upp með í innra mats áætlun. Helstu umbætur næsta árs er að koma langtímaáætlun á fót og halda áfram að vinna samkvæmt henni. Þá er ætlunin einnig að setja saman sér skýrslu fyrir leikskóladeildina. Einnig hefur verið ákveðið að færa allt innra mat yfir í Bravo lesson sem tekið verður í gagnid frá og með næsta hausti og þar með betra utanumhald og yfirsýn.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Umbætur næsta árs

- Koma upp nýrri langtímaáætlun um innra mat
- Færa matið yfir í Bravo lesson

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Á meðfylgjandi mynd birtist heildarniðurstaða eftir að allir matsþættir hafa verið skoðaðir og settir saman.

Helstu styrkleikar

Stöðugleiki í starfsmannahaldi innan veggja skólans og með breyttu verklagi, þ.e. teymiskennslu hefur samábyrgð kennara aukist sem leiðir af sér fjölbreyttari kennsluhætti og námsmat. Af þeim 5 kennurum sem starfa við skólann, eru þrír með leyfisbréf en hinir tveir eru leiðbeinendur með mikla kennslureynslu. Nemendur eru í auknum mæli meðvitaðri um stöðu sína og bera meiri ábyrgð á sínu námi. Þá hefur utanumhald um skráningu á framgangi náms í Mentor verið til mikilla bóta þó kennarar séu misjafnlega á veg komnir í að læra á kerfið en það kemur með tímanum.

Tækifæri til umbóta

Ef ekki næst að manna lausar stöður í Öxarfjarðarskóla, verður erfitt að halda upp teymiskennslu eins og lagt er upp með í störfum skólans en við erum að hefja síðasta árið í samstarfi við MSHA með teymisvinnu. Nemendur grunnskólans verða 36 á næsta skólaári og leikskólabörn 26 þannig að 62 börn verða í skólanum næsta vetur.

Kennarar og skólastjóri deila áhyggjum af óstöðugleika í starfsmannahaldi skólaþjónustunnar sem hefur verið haldreipi skólans í að fá viðeigandi þjónustu og stuðning í þágu nemenda.

Fram kemur í könnunum foreldra sem og starfsþróunarsamtölum að brýnt sé að fá skólalóðina endurbætta, bæði stækkun leikskólalóðar sem er afar nauðsynleg í ljósi þess fjölda sem þar er og mun verða áfram. Einnig hefur enn ekkert verið aðhafst varðandi afþreyingu fyrir eldri nemendur, s.s. ærslabelgur eða sparkvöllur sem er efstur á lista hjá foreldrum og nemendum. Þá er skólasamfélagið uggandi vegna lokunar sundlaugarinnar í Lundi sem hefur þjónað sundkennslu nemenda í áratugi og mikil afturför ef á að loka henni og fara með börnin um lengri veg með tilheyrandi kostnaði og tíma. Það mun hafa skerðingu á kennslu í för með sér.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að flestir matsþættir eru með meiri styrkleika en veikleika, sumir þættir sterkir og ef til vill mætti sumsstaðar meta þættina dökkgræna. Gott verklag sem samræmist lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2024 - 2025 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir

Umbótaáætlun skólaársins 2024 - 2025

Stjórnun og fagleg forysta							
	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Endurskoða langtímaáætlun fyrir innra mat	Uppfæra	Skólastjóri	Haust 2024	Vor 2025	Lokið / Ólokið	Uppfærð áætlun birt á heimasíðu
2	Endurskoðun á almennum hluta skólanámskrár - sérstaklega grunnþáttum menntunar	Kennarar fara markvisst í gegnum almenna hlutann og endurskoða grunnþætti menntunar	Skólastjóri og kennarar	Haust 2024	Vor 2025	Lokið/ólokið	Uppfært og birt á heimasíðu skólans
3	Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu	Gera áætlun um innlit í kennslustundir ásamt félagamati	Skólastjóri og kennarar	Haust 2024	Vor 2025	Lokið / ólokið	Skráning hjá innra mats teymi og starfsþróunaráætlun endurskoðuð

Nám og kennsla

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Vinna áfram með skráningu verkefni, kennsluáætlanu og námsmats í Mentor	Áframhaldandi vinna	Skólastjóri og kennarar	Haust 2024	Vor 2025	Lokið / ólokið	Markviss skráning og utanumhald á einum stað
2	Vinna markvisst úr niðurstöðum kannana og innra mats	Samantekt innra mats teymis á tækifærum til úrbóta	Innra mats teymi - skólastjóri	Haust 2024	Vor 2025	Lokið / ólokið	Bætt gæðastarf

Innra mat

Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Gera þarf nýja langtímaáætlun um innra mat	Setja niður nýja áætlun í upphafi skólaársins 2024-2025	Innra mats teymi	September 2024	September 2024	Lokið/ólokið	Ljúka nýrri langtímaáætlun sem hægt er að vinna eftir næstu árin
2	Allt innra mat verður fært í Bravo lesson frá og með hausti 2024	Uppsetning á nýju kerfi	Skólastjóri	Vor 2024	Haut 2024	Lokið / ólokið	Betra utanumhald, einföldun framkvæmdar innra mats og skýr framsetning